Garðyrkjuskólinn Reykjum

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2023

# SKÓG3NÝ04
# Nýrækt skóga

| Kennari: | **Björgvin Örn Eggertsson** boe@fsu.is |
|---|---|

| Áfangi<br>SKÓG3NÝ04 – Nýrækt skóga | **Einingar**<br>**4 fein** | **Hæfniþrep**<br>**3** |
|---|---|---|

**Lýsing**

Fjallað er um ræktun skóga á skóglausu landi m.t.t. veðurfars, staðhátta og markmiða. Kynntar eru mismunandi aðferðir, plöntugerðir og tegundir til nýræktar skóga. Skoðaðar eru aðferðir við undirbúning lands til skógræktar og þau verkfæri og tæki sem völ er á, val gróðursetningarstaða og skoðuð framkvæmd jarðvinnslu. Farið er í áburðargjöf og áburðaráætlanir og helstu áburðartegundir sem notaðar eru í skógrækt. Rætt er um vandamál í nýskógrækt og dæmi um þau skoðuð. Kynnt er girðingarvinna. Skoðaðar eru nýgróðursetningar og lönd sem verið er að taka til skógræktar.

**Forkröfur**

SKÓG2PF03 (Skógarplöntuframleiðsla), JARÆ2FV05 (Jarðvegur og ræktun), LAMÆ2AU03 (Landmælingar), ÁBSÝ3FV04 (Áburðargjöf og sýnataka), GRÓÐ2TR03 (Tré og runnar)

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Forsendum ræktunar skóga á skóglausu landi.
- Plöntugerðum og tegundavali til nýskógræktar á Íslandi.
- Aðferðum, tækjum og verkfærum við undirbúning lands til skógræktar.
- Áburðaráætlunum og áburðartegundum í skógrækt.
- Vandamálum við nýskógrækt og lausnum á þeim.
- Girðingavinnu vegna skógræktar.
- Umfangi og rannsóknum á nýrækt skóga.

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja aðferðir við nýskógrækt eftir aðstæðum og markmiðum skógræktarinnar sem metið er með kynningu, rökstuðningi og skriflegu prófi.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi undirbúnings á landi og áburðargjöf við nýskógrækt, metið með rökstuðningi, kynningu og skriflegu prófi.
- Skipuleggja umhirðu nýskógræktar með hagkvæmni og gott aðgengi að leiðarljósi,

<table>
<tr><td>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Velja plöntur til nýskógræktar.<br>• Undirbúa land til nýskógræktar.<br>• Gera áburðaráætlanir og velja áburð í skógrækt.<br>• Velja aðferðir til nýskógræktar og beita þeim.<br>• Hirða um gróðursetningar.<br>• Setja upp fjárhelda girðingu.</td><td>metið með rökstuðningi, kynningu og skriflegu prófi.<br>• Greina vandamál við nýskógrækt og lausnir á þeim, sem metið er með rökstuðningi og skriflegu prófi.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Námsmat<br>Kynningar, skýrslur og skriflegt próf.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</td></tr>
<tr><td colspan="2">Tenging við grunnþætti<br>Læsi: Nemendur læra að meta hvaða land hentar til skógræktar og hvernig hægt er að vinna landið til undirbúnings skógræktarinnar.<br>Sköpun: Við skipulagningu skógræktarsvæðis þarf að huga að margvíslegu notagildi skóga og láta hugmyndaflugið ráða för.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Dags.:<br>Höfundur: Úlfur Óskarsson</td></tr>
</table>

**Námsefni:**

- Skógarbók Grænni skóga.
- Skógarauðlindin
- Efni frá kennara og á netinu.

| Tímar | Efni | Kennarar |
|---|---|---|
| 29. águ. $9^{00}$-$15^{45}$ | Ferð í ungt landgræðsluskóglendi (Hekluskógar). | Björgvin |
| 5. sept. $12^{45}$-$15^{45}$ | Tæki og aðferðir við nýskógrækt. Framkvæmd jarðvinnslu og gróðursetninga. | Björgvin |
| 15. sept. $9^{00}$-$12^{00}$ | Veðurfar, staðhættir og markmið með skógræktinni. | Björn B Jónsson |
| 22. sept. $9^{00}$-$12^{00}$ | Plöntugerðir, plöntugæði, stikklingar og prófanir, umhirða fram að gróðursetningu. | Hallur. |
| 29. sept. $12^{45}$-$15^{45}$ | Vettvangsferð: Skógræktarland. Nýgróðursetningar - ungskógar. | Björgvin |
| 6. okt. $9^{00}$-$12^{00}$ | Tæki og aðferðir við nýskógrækt. Framkvæmd jarðvinnslu og gróðursetninga. | Björgvin |
| 13. okt. $9^{00}$-$12^{00}$ | Tæki og aðferðir við nýskógrækt. Framkvæmd jarðvinnslu og gróðursetninga. | Björgvin |
| 20. okt. $9^{00}$-$12^{00}$ | Trjátegundir í nýskógrækt, þéttleiki | Björgvin |
| 27. okt. $9^{00}$-$12^{00}$ | Heimsókn á Mógilsá og grs.st. Þöll | Björgvin |
| 2. nóv. $9^{00}$-$15^{45}$ | Girðingar og verklegt | Páll Sigurðsson |
| 10. nóv. $9^{00}$-$12^{00}$ | Áburðargjöf í nýskógrækt - áburðaáætlanir | Hreinn |
| 17. nóv. $9^{00}$-$12^{00}$ | Vandamál í nýskógrækt og lausnir á þeim. Íbætur. | Hrönn |
| 21. nóv. $9^{00}$-$12^{00}$ | Óhefðbundnar gróðursetningar | Björgvin |
| 27. nóv. $9^{00}$-$12^{00}$ | Hellisskógur | Björgvin |
| 6. des. $9^{00}$-$12^{00}$ | Próf | Björgvin |

**Verkefni**

Nemendur skrifa skýrslur um þær vettvangsferðir sem farnar verða.

**Námsmat**

Skýrslur gilda 20% af lokaeinkunn. Námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi sem gildir 80% af lokaeinkunn. Lámarkseinkunn í áfanganum er 4,5.

**Skipulag áfanga**

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og vettvangsferðum.

**Fyrirlestrar:** Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

**Vettvangsferðir og verklegar æfingar:** Tvær verklegar æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar og vettvangsferðir í lotuvikum.

**Upptökur:** Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 17. ágúst 2023**

**Björgvin Örn Eggertsson**